

REGLUGERÐ

um sérstaka úthlutun til skel- og rækjubáta skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

1. gr.

Þar sem takmarkaðar innfjarðarækjuveiðar voru stundaðar í Arnarfirði, Ísafjarðardjúpi og engar innfjarðarrækjuveiðar voru stundaðar á Húnaflóa, Skagafirði, Skjálfanda, Öxarfirði og Norður-fjörðum Breiðafjarðar á fiskveiðiárinu 2016/2017, skal á fiskveiðiárinu 2017/2018 úthluta aflamarki sem nemur samtals 859 þorskígildislestum til báta, sem hafa hlutdeild í innfjarðarækju á áðurgreindum svæðum.

Við útreikning uppbóta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafra rækjuvertíðanna 1996/1997 - 2005/2006 að frádregnum afla í innfjarðarrækju fiskveiðiársins 2016/2017 á viðkomandi svæði, nema á Eldeyjarsvæði skal miða við almanaksárið 2016. Verðmæta-
stuðullinn fyrir rækju er 0,52, miðað við þorskígildi og koma 145 þorskígildislestir í hlut báta frá Arnarfirði, 128 þorskígildislestir í hlut báta í Ísafjarðardjúpi, 148 þorskígildislestir í hlut báta við Húnaflóa, 153 þorskígildislestir í hlut báta við Skagafjörð, 70 þorskígildislestir í hlut báta á Skjálfanda, 201 þorskígildislestir í hlut báta við Öxarfjörð og 14 þorskígildislestir í hlut báts í Norður-fjörðum Breiðafjarðar.

2. gr.

Þar sem engar hörpudisksveiðar voru stundaðar í Arnarfirði, Húnaflóa, Breiðafirði og Hvalfirði á fiskveiðiárinu 2016/2017 skal á fiskveiðiárinu 2017/2018 úthluta aflamarki sem samtals nemur 983 þorskígildislestum og 200 þorskígildislestum aukalega til báta, sem aflahlutdeild hafa í hörpudiski á áðurgreindum svæðum.

Við útreikning uppbóta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafra árunum 1998 til 2007. Verðmæta-
stuðullinn fyrir hörpudisk er 0,32, miðað við þorskígildi, og koma 8 þorskígildislestir í hlut báta frá Arnarfirði, 40 þorskígildislestir í hlut báta við Húnaflóa, 1.106 þorskígildislestir í hlut báta við Breiðafjörð og 29 þorskígildislestir í hlut báta við Hvalfjörð.

3. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeildar sem þeir hafa í rækju og skel á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún er 1. ágúst 2017. Uppbæturnar skulu skiptast á eftirgreindar tegundir: Þorsk, ýsu, ufsa, steinbít, gullkarfa og löngu samkvæmt eftirfarandi töflu:

Tegundir	Tonn upp úr sjó	Þorskígildistonn.
Þorskur	1.709	1.436
Ýsa	286	257
Ufsi	291	176
Steinbítur	36	19
Gullkarfi	217	130
Keila	10	4
Langa	35	21
Alls	2.584	2.043

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 2017.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 3. júlí 2017.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Hinrik Greipsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 4. júlí 2017